

Alþingi
Erindi nr. 133/948
komudagur 13.2.2007

Umsögn um frumvarp til laga um námsgögn (Þskj. 772-511. mál)

Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna fagnar framkomnu frumvarpi til laga um námsgögn og þeim breytingum í frjálsræðisátt sem þar birtast, það er von félagsins að í nýrri skipan námsefnisgerðar felist tækifæri fyrir námsefnishöfunda og nýir samstarfsmöguleikar,

Félagið gerir ekki athugasemdir við það form sem valið hefur verið á stuðningi við námsgagnaútgáfu með áframhaldandi rekstri Námsgagnastofnunar í breyttri mynd (sbr. II. kafla frumvarpsins), Námsgagnasjóð (sbr. III. kafla frumvarpsins) og Þróunarsjóð námsgagna (sbr. IV. kafla frumvarpsins).

Í frumvarpinu felst að námsgagnaútgáfa fyrir grunnskóla færist í einhverjum mæli yfir á hendur einkaaðila, væntanlega einkum bókaútgefenda. Þetta hefur töluverð áhrif á stöðu og hagi námsefnishöfunda, í stað þess að frumkvæði að námsefnisgerð komi að stærstum hluta frá Námsgagnastofnun skapast nú tækifæri fyrir framsækna námsefnishöfunda til að koma verkum sínum á framfæri á öðrum vettvangi.

Sú nýbreytni sem felst í frumvarpinu er tímabær af mörgum ástæðum. Að mati félagsins hefur mátt greina ákveðið misgengi í þróun í námsefnisgerð og námsefnisnotkun kennara á undanförunum árum. Námsgagnastofnun hefur sinnt sínu hlutverki með sóma, en utan starfsemi hennar hefur sprottið upp margvísleg námsefnisgerð, ekki síst á netinu og meðal kennara. Þessi námsefnisgerð hefur oft verið unnin í hálfgerðri sjálfboðavinnu og höfundar hafa ekki haft raunverulega möguleika á að fá greitt fyrir slíka námsefnisgerð. Afleiðingin er sú að námsefni af þessu tagi er mjög misjafnt að gæðum og oft og tíðum er lítil sem engin fagleg ritstjórn að baki því.

Þróunarsjóður námsgagna og sú nýbreytni að skólar munu hafa aukið fé til umráða til að kaupa námsefni af öðrum en Námsgagnastofnun mun vonandi bæta úr þessu ástandi

ásamt því eftirliti sem Menntamálaráðuneytinu er ætlað að hafa með gæðum námsefnis skv. 8. gr frumvarpsins.

Meginathugasemd félagsins við frumvarpið lýtur að samsetningu stjórna sjóðanna tveggja og þeim aðilum sem sjóðstjórninni ber skv. lögnum að hafa samráð við.

Dæmi: Hagþenkir vekur athygli nefndarinnar á því að meðal námsefnishöfunda er að finna vel menntaða einstakalinga með góða reynslu í námsefnisgerð sem rétt er að nýta við stefnumótun og námsefnisgerð í framtíðinni.

Þess vegna skýtur nokkuð skökku við að námsefnishöfunda er hvergi getið í lögnum, né í greinargerð með þeim. Þetta telur félagið ótækt. Þótt samtök kennara tilnefni stjórnarmenn bæði í stjórn Námsgagnasjóðs og Þróunarsjóðs námsgagna er engin trygging fyrir því að fulltrúar námsefnishöfunda komi að störfum sjóðanna eða að þeir séu hafðir til ráðgjafar við úthlutun úr þeim.

Þetta er einkar bagalegt hvað varðar Þróunarsjóð námsgagna og leggur félagið því til að samsetningu stjórnarinnar verði breytt á þann veg að tryggt verði að Hagþenkir, sem samtök námsefnishöfunda, tilnefni fulltrúa í stjórn þess sjóðs. Þetta þarf að koma skýrar fram í textanum.

Þá er óljóst í frumvarpinu eins og það liggur fyrir hverjir geta sótt um styrki í Þróunarsjóð námsgagna, að mati félagsins þarf að vera skýrara hvort einstakir námsefnishöfundar eða hópar þeirra geti sótt um styrki til þróunar námsefnis eða hvort styrkir hans verði einkum ætlaðir bókaútfendum eða stærri teymum höfunda, ritstjóra og útgefenda.